

**Bókun 205. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann  
7. desember 2017**

**4. Ákvörðun um álagningu gjalda og gjaldskrár 2018:**

4.1. Álagningarprósenta fasteignarskatts 2018.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að álagningarprósenta fasteignagjalda verði;

- A** 0,5% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymslúhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
- B** 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum (með fyrirvara að reglugerð verði ekki breytt).
- C** 1,40% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.

*Afsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um afslátt af fasteignaskatti sem samþykkt var af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 4. desember 2007 og samþykkt um tekjuviðmiðun sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.*

4.2. Gjaldskrá kaldvatnsveitu 2018.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá kaldvatnsveitu Bláskógaveitu 2018. Í gjaldskránni kemur m.a. fram að innheimt skuli:

Vatnsgjald skv. 4. gr. gjaldskrá kaldvatnsveitu Bláskógaveitu verði 0,3% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins, sbr. ákv. 5., 6. og 7. gr. laga nr. 32/2004.

Hámarksálagning verði kr. 50.000.- á sumarhús og íbúðarhús. Fyrirtæki sem tengjast veitukerfi veitunnar og nota vatn til vökvunar ber skylda til að vera með miðlunartank.

Lágmarksálagning vegna tengingar við vatnsveitur sveitarfélagsins verði kr. 15.000.

Varðandi aðra gjalddöku s.s. notkunargjald og tengigjöld er vísað í fyrnefnda gjaldskrá kaldvatnsveitu Bláskógaveitu.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá kaldvatnsveitu og felur sveitarstjóra að koma henni til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

4.3. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2018.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs, þ.e. sorphirðing og sorpeyðing fyrir árið 2018. Í gjaldskránni kemur m.a. fram að innheimt skuli:

**Sorphirðugjald:**

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna
240 l ílát	17.582 kr.	4.691 kr.	4.691 kr.
660 l ílát	35.144 kr.	9.374 kr.	9.374 kr.
1.100 l ílát	52.706 kr.	14.058 kr.	14.058 kr.

**Grátunna:** söfnun á 21 daga fresti.

**Blátunna:** söfnun á 42 daga fresti.

**Græntunna:** söfnun á 42 daga fresti.

**Sorpeyðingargjald vegna heimilisúrgangs:**

Íbúðarhúsnæði	21.028 kr.
Frístundahúsnæði	18.436 kr.
Lögbýli	12.882 kr.
Fyrirtæki	47.577 kr.

Fyrirtæki, lögbýli eða frístundahúsafélög sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingu rekstrarúrgangs greiða móttökugjald á móttökustöð eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustöð eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. þessari grein. Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir heimilisúrgang frá heimilum og frístundahúsum allt

að 0,25 m<sup>3</sup>. Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð, miðað við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsettt er, samkvæmt gjaldskrá móttökustöðva. Allur úrgangur og rekstrarúrgangur fyrirtækja er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Móttökugjald á einn m<sup>3</sup>: 5.700 kr.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá og felur sveitarstjóra að óska eftir staðfestingu heilbrigðisnefndar Suðurlands og síðan að koma henni til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 4.4. Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa 2018.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá vegna fráveitu og hreinsun rotþróa fyrir árið 2018. Í gjaldskránni kemur m.a. fram:

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera 150.000 kr. og bundið vísitölu byggingarkostnaðar (grunnur 2010) október 2017, 135,1 stig.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 – 6000 lítra	kr.	9.894
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr.	2.200 pr./m <sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 – 6000 lítra	kr.	14.838
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr.	3.301 pr./m <sup>3</sup>

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað á hverju ári skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 – 6000 lítra	kr.	29.682
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr.	6.602 pr./m <sup>3</sup>

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr. 36.790 fyrir hverja losun af rotþró 0 – 6000 lítra. Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr.

6.602 fyrir hvern rúmmetra, ef rotþró er 6001 lítra eða stærri.

Afsláttur af fráveitugjaldi til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmiðun sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá og felur sveitarstjóra að óska eftir staðfestingu heilbrigðisnefndar Suðurlands og síðan að koma henni til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr. 36.790 fyrir hverja losun af rotþró 0 – 6000 lítra. Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, skal innheimta gjald kr. 6.602 fyrir hvern rúmmetra, ef rotþró er 6001 lítra eða stærri.

Afsláttur af fráveitugjaldi til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmiðun sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá og felur sveitarstjóra að óska eftir staðfestingu heilbrigðisnefndar Suðurlands og síðan að koma henni til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 4.5. Lóðarleiga 2018.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að lóðarleiga 2018 verði 1% af fasteignamati lóða.

#### 4.6. Gjaldskrá mótuneytis Aratungu 2018.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að gjaldskrá mótuneytisins í Aratungu hækki um 3% um næstu áramót.

#### 4.7. Gjaldskrá íþróttamiðstöðva Bláskógabyggðar 2018.

Lögð fram tillaga um gjaldskrá íþróttamiðstöðanna í Bláskógabyggð. Hvað varðar gjaldskrá vegna innri leigu milli stofnana þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að gjaldið hækki um 2,7% um næstu áramót.

Hvað varðar almenna notkun íþróttamiðstöðvanna þá samþykkir sveitarstjórn Bláskógabyggðar að vísa afgreiðslu og samþykkt hennar til næsta fundar byggðaráðs.

#### 4.8. Gjaldskrá leikskóla Bláskógabyggðar 2018.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að gjaldskrá leikskóla hækki um 3% um næstu áramót.

#### 4.9. Gjaldskrá útleigu Aratungu og Bergholts 2018.

Gjaldskrá fyrir útleigu á Aratungu og Bergholti breytist skv. framlagðri tillögu að gjaldskrá. Gjaldskráin byggist á endurskoðuðum forsendum sem liggja til grundvallar gjaldskránni. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá.

#### 4.10. Ákvörðun um gjalddaga fasteignagjalda 2018.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gjöld liða 4.1, 4.2, 4.3, 4.4 og 4.5 verði innheimt með 6 gjalddögum mánaðarlega frá 1. febrúar 2018. Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga. Innheimtur verða sendar út rafrænt ásamt álagningaseðli. Ekki verða sendir útprentaðir greiðsluseðlar eða álagningaseðlar nema gjaldendur óski sérstaklega eftir því.

### **Bókun 190. fundar byggðaráðs Bláskógabyggðar þann 29. desember 2017**

#### **Gjaldskrá fyrir íþróttamiðstöðvar Bláskógabyggðar 2018.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar fól byggðaráði að afgreiða gjaldskrá íþróttamiðstöðvanna á 205. fundi sveitarstjórnar.

Valtýr kynnti vinnu sem sviðstjóri ásamt forstöðumönnum íþróttamiðstöðvanna við gerð tillögu að gjaldskrá. Eftirfarandi tillaga að gjaldskrá fyrir rekstrarárið 2018 lögð fram:

Fullorðnir sund 1.000 kr.

Börn sund 550 kr.

10 miðar fullorðnir sund 5.500 kr.

30 miðar fullorðnir sund 15.000 kr.

10 miðar börn sund 2.500 kr.

30 miðar börn sund 6.500 kr.

Handklæði leiga 600 kr.

Sundföt leiga 600 kr.

Börn 0-10 ára, ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá frítt í sund.

Íþróttahús fullorðinn	1.000 kr.
Íþróttahús 10 miða kort	5.500 kr.
Íþróttahús börn	550 kr.
Leiga sal 1/3 Laugarvatn	5.880 kr.
Leiga sal 3/3 Laugarvatn	14.280 kr.
Leiga á sal Reykholti	8.500 kr.

Tækjasalur:

Stakur miði	1.300 kr.
10 miðar	8.500 kr.
30 miðar	21.000 kr.
Árskort í sund og þrek	34.000 kr.
3 mánaða kort í þrek og sund fullorðnir	21.000 kr.
6 mánaða kort í þrek og sund fullorðnir	27.000 kr.

Aldurstakmark í þreksal er 14 ára  
Börn fá ekki að fara ein í íþróttahúsið.  
Gjald í íþróttahús og þreksal er tímagjald.

Fullorðnir eru 17-67 ára  
Börn eru 10-16 ára  
Eldriborgarar og öryrkjar frítt

Tillagan samþykkt samhljóða.

